

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting fær þó gildi, nema stjórn sjóðsins sé einhuga um hana.

9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki Richard Serra og erfingja hans og einhuga samþykki stjórnar. Ef sjóðurinn er lagður niður renna eigur hans til Myndhöggvarafélagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum er verða kunna á henni, sbr. 8. gr.

Reykjavík, 30. apríl 1992.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 244 24. maí 1987 um mælingar skipa.

1. gr.

4. tl. 1. gr. orðist svo:

Öll önnur gömul skip frá og með 18. júlí 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.